

**17. fundur atvinnumálanefndar Skaftárhrepps, kjörtímabilið 2018 – 2022, haldinn þann 4. maí 2020, kl. 15.00 í fjarfundi. Viðstaddir eru undirritaðir fulltrúar nefndarinnar ásamt atvinnufulltrúa Skaftárhrepps. Guðmundur Vignir boðar forföll en Þorsteinn Matthías Krisinsson kemur í hans stað.**

**Dagskraá fundarsins er**

- 1. COVID-19 yfirvofandi atvinnuleysi og viðspyrna atvinnulífsins í Skaftárhreppi**
- 2. Beiðni sveitarstjórnar að fjalla um Bærinn minn málsnúmer „2004006 Bærinn minn – þættir á Hringbraut tilboð. Hringbraut fjölmiðlar, dags. 16. apríl 2020 Sjónvarpsstöðin Hringbraut er að fara af stað með þáttagerð um bæjarfélög á landsbyggðinni sem sýndir verða nú í sumar. Kostnaður við þátttöku er 1.200.000 kr. auk vsk“**
- 3. Önnur mál.**

---

#### **1. COVID-19 yfirvofandi atvinnuleysi og viðspyrna atvinnulífsins í Skaftárhreppi**

Almennt rætt um möguleika atvinnulífs í Skaftárhreppi til viðspyrnu yfirvofandi ástands á atvinnumarkaði hreppsins.

##### **Ferðapjónusta**

Atvinnumálanefnd og atvinnumálafulltrúi leggja til þá hugmynd að rekstraraðilar í Skaftárhreppi geri sér not af eftirfarandi 2 verkefnum;

- a. Áhersluverkefni SASS – SÓKNARFÆRI FERÐAÞJÓNUSTUNNAR – <https://www.sass.is/soknarfaeri-ferdathjonustunnar-a-sudurlandi/>**
- b. tilboð um þátttöku í sjónvarpsþáttagerð fjölmiðilsins Hringbrautar - BÆRINN MINN**

Með því að nýta möguleika þessara 2ja verkefna, verði annarsvegar unninn sjónvarpsþáttur, BÆRINN MINN – Kirkjubæjarklaustur, sem jafnframt verður hægt að nota sem kynningarmyndband fyrir svæðið að vild, auk þess sem þátttakandi ferðapjónustuaðilar geta fengið eigin myndbandsskot til notkunar. Hinsvegar munu þátttakandi ferðapjónustuaðilar geta sótt um styrk í áhersluverkefnið – Sóknarfæri ferðapjónustunnar – þar sem markmiðið er einmitt að styðja við verkefni fyrirtækja til markaðssóknar, hagnýtingar tækifæra og til að bregðast við erfiðleikum í rekstri.

Atvinnumálafulltrúi og formaður Atvinnumálanefndar forma fundarboð og senda út fjarfundarboð til póstlista rekstraraðila, þann 6.maí kl. 13:00

##### **Matvælaframleiðendur**

Fundarmenn sammála um, að nú sé tíminn til að geta farið fram á að eina kjörbúðin á Kirkjubæjarklaustri selji alla þá matvöru sem framleidd er í heimabyggð. Eðlilegt sé

að fara fram á það að íslenski ferðamaðurinn geti orðið sér úti um þá matvöru sem unnin er í héraði. Atvinnumálafulltrúi formar bréf til Festi þar um.

Í framhaldi af því verði verkefni atvinnumálafulltrúa að skoða nánar starfsemi REKO markaðar á Suðurlandi og þá hvort og hvernig slík milliliðalaus viðskipti geti orðið vænleg söluleið framleiðenda matvæla í Skaftárhreppi

**2. Beiðni sveitarstjórnar að fjalla um Bærinn minn málsnúmer „2004006 Bærinn minn – þættir á Hringbraut tilboð. Hringbraut fjölmiðlar, dags. 16. apríl 2020**

Atvinnumálanefnd boðar til fjarfundar þann 6.mái 2020, þar sem í ljós mun koma hver áhugi ferðapjónustufyrirtækja á svæðinu, er að taka þátt í gerð slíkrar ímyndarkynningar, sem þessi sjónvarpsþáttur framleiddur af Hringbraut hæglega getur orðið.

**3. Önnur mál.**

Matvælaöryggi í milliliðalausum viðskiptum útfrá REKO hugmyndafræðinni vill Atvinnumálanefnd leggja áherslu á, að alltaf eigi að vera í forgrunni. Með vísan til núverandi ástands – og það hvernig kerfi íslenskra sóttvarna hafa tekið á málum og komið Íslandi í fremstu raðir hvað varðar „hreinleika“, þá verðum við að tryggja hreint Ísland allt aftur til matvælaframleiðslu bændastéttarinnar.

**Fundi slitið kl. 16.30**

**Sveinn Hreiðar Jenson (sign)**

**Rúnar Þorri Guðnason (sign)**

**Þorsteinn Matthías Kristinsson (sign)**

**Rannveig Ólafsdóttir (sign)**

**Þuríður Helga Benediktsdóttir (sign)**